

SKÓLASTEFNA
SNÆFELLSBÆJAR



NÁM OG NÁTTÚRA

Skólafestna Snæfellsbæjar 2009 - 2012

Nám og náttúra að leiðarljósi

1. **Náttúran og umhverfið /samfélagið:** Umhverfi og náttúra í Snæfellsbæ er afar fjölbreytt og býður upp á marga möguleika sem brýnt er að nýta í skólastarfi með það að markmiði að fólk þekki og virði umhverfi sitt og heimabyggð. Þessir möguleikar tengjast m.a. hafinu, jarðfræði, dýra- og plöntulífi, veðurfari og sögu. Rannsóknarstofnanir, samtök og fyrirtæki geta verið samstarfsaðilar skólanna hvað þetta varðar. Þessar aðstæður skapa sérstöðu skólastarfs í Snæfellsbæ.

Markmið:

- Allir nemendur á svæðinu hafi góða þekkingu á náttúru og sögu svæðisins við lok skólagöngu sinnar.
- Nemendur læri um íslenskt samfélag í nánnum tengslum við fjölbreytt atvinnulíf á svæðinu.
- Nýttir verði kostir fjölmenningsamfélagsins á staðnum til að opna glugga út í heiminn. Nemendur virði og meti fjölbreytileikann.

2. **Vellíðan og persónuþroski:** Heimili, skólar og aðrar uppeldisstofnanir í samfélaginu leggja áherslu á að ala upp og mennta sjálfstæða, ábyrga einstaklinga sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Nemendur eru hvattir til dáða og sköpuð er menning í skólunum sem stuðlar að vellíðan og gleði.

Markmið:

- Nemendum líði vel í skólanum.
- Markvisst verði unnið með samskipti og samskiptahæfni nemenda, bæði innan hvers skóla og á milli þeirra.
- Nemendur verði hvattir til að ná árangri og að nýta hæfileika sína, þeir „reyni að stíga ávallt skrefi fram“.
- Unnið verði að því að auka samkennd milli bæjarhluta.



3. **Skipulag og kennsluhættir:** Ýmis tækifæri felast í þrískiptum grunnskóla sem ber að nýta. Starfsstöðvar leik- og grunnskóla eru ólíkar og aukið samstarf þeirra á milli skapar fjölbreytileika í námi nemenda. Nálægð við Fjölbautaskóla Snæfellinga skapar einnig tækifæri þar sem nauðsynlegt er að hlúa að félagsstarfi unglunga (14 - 18 ára) í Snæfellsbæ. Halda á áfram að þróa einstaklingsmiðað nám í öllum skólunum og styrkja tengsl við atvinnulífið.

Markmið:

- Skipulagt samstarf milli skólastiga (leikskóli – grunnskóli – tónlistarskóli - framhaldsskóli) og starfsstöðva sem nær bæði til starfsmanna og nemenda.
- Styrkja samstarf heimila og skóla.
- Sambætt skólastarf og félagsstarf, m.a. tónlistarnám inn í skólana.
- Útikennsla og vettvangsferðir verði stór þáttur í starfi skólanna.
- Starfshættir einkennist af lýðræði og virðingu, nemendur hafi möguleika á að hafa áhrif á nám sitt og taka ábyrgð.

4. **Mannauður:** Í skólum Snæfellsbæjar er metnaðarfullt starfsfólk sem býr yfir fjölbreytilegri hæfni. Mikilvægt er að meta og nýta þessa hæfni auk þess sem leita skal leiða til að styrkja og efla starfsmenntun og símenntun starfsfólks.

Markmið:

- Tryggja starfsfólki gott aðgengi að símenntun og tækifæri til að stunda hana.
- Stuðla að aukinni samvinnu starfsfólks þar sem hver og einn fær að njóta hæfileika sinna og tækifæri til að miðla þekkingu.
- Vekja athygli á skólum bæjarins sem góðum, fjölskylduvænum vinnustöðum í þeim tilgangi að laða að hæft starfsfólk.
- Auka starfsánægju starfsfólks t.d. með bættu vinnuumhverfi, þátttöku í ákvarðanatöku o.fl. Í þessu felst m.a. að leitast við að efla samkennd, gagnkvæma virðingu og traust meðal starfsmanna.
- Byggja upp metnað og stolt meðal starfsfólks sem er hvatt til að leita nýrra leiða og tækifæra.



Frá formanni skólanefndar

Íbúar Snæfellsbæjar gefa börnum og ungmennum dýrmæta gjöf sem er menntun og þátttaka í skólastofnunum bæjarfélagsins, allt frá leikskóla til grunnskóla og tónlistarskóla.

Það er mikið metnaðarmál að sú gjöf sé þannig úr garði gerð að hún nýtist einstaklingunum vel og verði þeim gott veganesti inn í framtíðina.

Það markmið er ljóst en til þess að ná því þarf að vita hvert skuli stefna og hvernig. Skólanefnd hefur því unnið að skólastefnu fyrir menntastofnanir Snæfellsbæjar og kallað að því starfi fjölda fólks úr öflugu félagastarfi bæjarfélagsins. Það er sá hópur sem hefur ákveðið stefnuna. Leitast var við að ná sem mestri breidd í starfshópinn sem kalla má hollvini skólanna allra.

Það er einlæg von skólanefndarinnar að skólastefna þessi nýtist vel til að ná markmiðum skólastarfsins og geri góða skóla enn betri.

Formaður skólanefndar Snæfellsbæjar

Örvar Már Marteinsson

